

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.****1. gr.**

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 16 kr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 42 kr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. kr. 8 og kr. 21 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 644/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt nr. 64, 30. mars 1943, fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.****1. gr.**

2. gr. orðist svo:

Stofnendur sjóðsins eru undirritaðir 63 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón sem sjóðurinn kann að verða fyrir en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 1 000 kr. Hver ábyrgðarmaður skal leggja fram ábyrgðarupphæð sína sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.